

Fréttapistill frá forseta Íslands

20. apríl 2020

Kæru landsmenn. Nú hafa tíu látist hér á landi af veirunnar völdum. Öllum ástvinum þeirra votta ég innilega samúð.

Nýliðin vika hófst í mínu lífi með ávarpi til þjóðarinnar vegna þess vanda sem við er að etja. Hluti niðurlagsins var á þessa lund: „Nú er dagur að kveldi kominn, páskadagur, og senn kemur vorið, sunnan yfir sæinn breiða. Já, hvíslum glöð út í myrkrið og minnumst þess jafnframt að alltaf birtir til. Við höfum séð það svartara, við munum sjá það bjartara.“ Ávarpið má lesa og horfa á hér:

<https://www.forseti.is/.../2020-04-12-%C3%A1varp-forseta.../>. Ég vek athygli á því að þarna er það líka á ensku og pólsku.

Sem fyrr eru þeir svo margir fundirnir og viðburðirnir sem fella þurfti niður eða fresta. Tveimur afmælisveislum ágættra þjóðhöfðingja þurfti að aflýsa. Á miðvikudaginn var, 15. apríl, fagnaði Vigdís Finnbogadóttir nírræðisafmæli. Í stað mannfagnaðar var samin sjónvarpsdagskrá og þar hlotnaðist mér sá heiður að færa Vigdís afmælikveðju sem sjá má og lesa hér: <https://www.forseti.is/.../2020-04-15-afmaeli-vigd%C3.../>.

Þarna má einnig lesa hluta kafla um forsetatíð Vigdísar Finnbogadóttur í bók minni um fyrstu forseta lýðveldisins sem kom út 1. desember 2016. Á afmælisdaginn ræddi ég við Eirík Guðmundsson í Viðsjá á RÚV um ár Vigdísar á Bessastöðum og arfleifð hennar. Samantekt af því spjalli má sjá hér: <https://www.ruv.is/.../18/thjodin-ber-hlyhug-i-gard-vigdisar>. Á mynd að neðan er Vigdís Finnbogadóttir umvafin ungviði á Akureyri, á málþingi þar síðastliðið haust þegar hún var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann á Akureyri.

Daginn eftir, 16. apríl, varð Margrét Þórhildur Danadrottning áttæð og sendi ég henni afmælikveðju. Í tilefni tímamótanna var birt á heimasíðu forsetaembættisins bók með myndum og upplýsingum um Íslandsferðir danskra konunga og drottninga frá hinni fyrstu árið 1874 þegar Kristján IX heimsótti landið og til komu drottningar árið 2013, þegar 350 ár voru liðin frá fæðingu Árna Magnússonar handritasafnara. Myndabókin var afhent Danadrottningu 1. desember 2018 þegar hún var viðstödd hátíðahöld hér á landi í tilefni þess að öld var þá liðin frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki, í konungssambandi við Danmörku. Bókin er afar fróðleg og skemmtilega og hana má sjá hér:

<https://www.forseti.is/.../6054/2018drottningmargrethe2.pdf>

Fagnaðarefni er að afmælum Vigdísar Finnbogadóttur og Margrétar Danadrottningar var minnst með því að stofna rannsóknasetur um hafið, loftslag og samfélag í samvinnu Carlsberg sjóðsins, íslenskra stjórnvalda og Rannsóknasjóðs. Nánari upplýsingar um það má sjá hér: <https://www.stjornarradid.is/.../Rannsoknasetur-um-hafid.../>

Að lokum læt ég þess getið hér að þessa daga sýnir MenntaRÚV (www.menntaruv.is) samtal okkar Sigynjar Blöndal um sögu Bessastaða og fyrri forseta, og einnig spjall hennar við okkur Elizú um lífið og tilveruna hér þessa daga, auk samræðna þeirra tveggja um hvernig það er fyrir útlendinga að læra íslensku. Og síðast en ekki síst má sjá þar þá hvatningu mína til ungmenna að taka þátt í raddrásasöfnun Samróms (www.samromur.is). Það áttak er liður í því þjóðþrifaverki að gera okkur kleift að gefa snjallsímum okkar og öðrum tækjum og tólum fyrirmæli á íslensku. Framtíð málsins er björt en þetta þurfum við að gera. Hvatningu mína má sjá hér: <https://www.forseti.is/fr%C3.../2020-04-15-samr%C3%B3mur/>

Við þurfum enn að þrúka en það mun birta til. Sumardagurinn fyrsti er í vöndum og svo kemur 4. maí, með þeirri von að þá verði unnt að slaka á ýmsum hömlum til varnar veirunni. En áfram skulum við kynna okkur, samþykkja og fara eftir tilmælum og ráðleggingum okkar einvalaliðs í almanna- og veiruvörnum. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.